

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 10. febr. 2015 á Kjóavöllum.

22. fundur

Fundur hófst kl. 18:05

Mættir: Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálisdóttir, Hermann Vilmundarson, Lárus Finnbogason, Hannes Hjartarson, Linda Gunnlaugsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Tekin fyrir kynning á breytingu skipulags hjá Kópavogsbæ vegna Þjónustumiðstöðvar. Stjórnarmenn sammála um þá leið sem kynnt er og samþykkja fyrir sitt leyti með þeim formerkjum að málið verði unnið áfram í góðri sátt og samvinnu við félagsmenn Sprettis.
3. Dagskrá félagsins hefur verið prentuð og var henni dreift bæði á fyrsta kvöldi áhugamannadeildarinnar sl. fimmtudag og aftur sl. laugardag í tengslum við vetrarleika. Stjórnarmenn munu einnig ganga í hús og dreifa dagskránni og hvetja fólk til inngöngu í félagið í leiðinni.
4. Ársþing UMSK – Hermann, Arnhildur (form. æskulýðsnefndar) og Lilja (formaður fræðslunefndar) tilnefnd af stjórn til þingsetu.
5. Aðalfundur félagsins. Haldið áfram með undirbúning fyrir aðalfund, rætt um framboð til stjórnar og nefnda. Laganefnd hefur gengið frá tillögum að lagabreytingum og hafa þær verið settar inn á heimasíðu Sprettis til kynningar. Uppgjör á reikningum og rekstraráætlun eru í vinnslu hjá gjaldkera. Kristín sendir póst á formenn allra nefnda og kallar eftir skýrslum vegna nefndarstarfa.
6. Áhugamannadeildin. Fyrsta keppniskvöld deildarinnar var sl. fimmtudag og gekk vonum framár. Um 800 manns mættu í höllina til að fylgjast með. RÚV var á staðnum og gerir þætti um mótariðina „Á spretti“ – þættirnir verða sýndir á miðvikudagskvöldum e. 10 fréttir. Góð og jákvæð umfjöllun hefur verið á síðum hestamiðlanna. Mikil jákvæðni ríkir meðal manna gagnvart þessum viðburði og er þetta mikil lyftistöng fyrir félagið og hestamenskuna almennt.
7. Linda gerði grein fyrir stöðu máls Hmf. Sprettis gagnvart arkitekti reiðhallarinnar. Lögfræðingur félagsins heldur utanum vinnu vegna þess.
8. Linda gerði grein fyrir stöðu mála gagnvart afnotum félagsins af hesthúsi Kópavogsbæjar í Heimsenda. Kópavogsbær hefur ekki staðið við samkomulag sem gert var á síðasta ári.
9. Farið yfir stöðuna á styrkgreiðslum Kópavogsbæjar til félagsins skv. samningum. Einnig ákv. að sækja um niðurfellingu fasteignagjalda sem þarf að gera á hverju ári.
10. Þorrablót Hmf. Sprettis – undirbúningur hefur gengið mjög vel og miðasala farið fram úr öllum vonum. Nánast uppselt á blótið og tilhlökkun í fólk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir